

## Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2020050126

29. maí 2020

### **Grafarvogur norður, gönguþveranir merktar með gangbrautamerkingu og hámarkshraði 30 km/klst**

Eftifarandi er lagt til í tengslum við verkefnið Samgöngubætur Grafarvogur norður:

1. Að eftifarandi gönguþveranir verði merktar sem gangbrautir.
  - a. Yfir Strandveg neðan Breiðuvíkur móts við Garðsstaði.
  - b. Yfir Breiðuvík móts við hús nr. 27-29 og nr. 24.
  - c. Yfir Breiðuvík á gatnamótum við Hamravík.
  - d. Yfir Hamravík á gatnamótum við Mosaveg.
  - e. Yfir Víkurveg við gatnamót við Mosaveg.
  - f. Yfir Mosaveg við gatnamót við Víkurveg.
  - g. Yfir Mosaveg móts við Gautavík 17.
  - h. Yfir Mosaveg vestan Skólavegar.
  - i. Yfir Vættaborgir móts við hús nr. 32.
  - j. Yfir Móaveg móts við hús nr. 10.
2. Að hámarkshraði á eftifarandi götum verði 30 km/klst:
  - a. Á Mosavegi frá Víkurvegi austur fyrir Skólaveg.
  - b. Á Móavegi frá Vættaborgum austur fyrir Dísaborgir.

Gangbrautir og hámarkshraði verða merkt með viðeigandi umferðarmerki og yfirborðsmerkingu í samræmi við reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra

Í samræmi við 1. og 3. mgr 84. gr umferðarlaga nr. 077/2019 hefur tillagan þegar verið borin undir lögreglu höfuðborgarsvæðisins sem hefur samþykkt hana.

Samhliða framkvæmdum við gangbrautir verður götulýsing bætt og farið í ýmsar aðrar aðgerðir til að draga úr umferðarhraða og bæta aðstæður fyrir gangandi vegafarendur.


Samhliða lækkun hámarkshraða verður farið í aðgerðir til að draga úr umferðarhraða.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar



Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir

Yfirverkfræðingur samgöngumála



▲ Ný gangbraut      — 30 km/klst hámarkshraði

*Mynd 1 Nýjar gangbrautir og götur með 30 km/klst hámarkshraða.*